

REGLUGERÐ

um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins um almannatryggingar (atvinnuleysistryggingar og greiðslur í fæðingarorlofi) (X).

1. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 77/2005 frá 13. janúar 2005 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 574/72 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EBE) nr. 1408/71, að því er varðar jöfnun réttinda og einföldun málsmeðferðar, sem vísað er til í VI. viðauka (félagslegt öryggi) við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2005 frá 30. september 2005, skal öðlast gildi hér á landi að því leyti sem ákvæði hennar lúta að atvinnuleysistryggingum og greiðslum í fæðingarorlofi. Reglugerðin skal gilda á Íslandi með þeirri aðlögun sem fram kemur í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 77/2005 fjallar að hluta til um atvinnuleysistryggingar, greiðslur í fæðingarorlofi, barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum. Í reglugerð frá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu nr. 790/2007 er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um réttindi samkvæmt lögum um almannatryggingar. Í reglugerð frá fjármálaráðuneytinu er mælt fyrir um gildistöku þess hluta sem fjallar um barnabætur og réttindi úr lífeyrissjóðum.

2. gr.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 77/2005 og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2005, sbr. 1. gr., sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi EB, nr. 66, 22. desember 2005, bls. 11, er birt sem fylgiskjal með reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 790/2007.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 6. mgr. 42. gr. og 64. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar, að fenginni umsögn stjórnar Atvinnuleysistrygginga-sjóðs, og 35. gr. laga nr. 95/2000, um fæðingar- og foreldraorlof, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félags- og tryggingamálaráðuneytinu, 19. júní 2008.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ágúst Þór Sigurðsson.